

Tilmæli 14/2024
Tillaga A 1970/UVU
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 14/2024

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 14/2024 til greina og bíði pólitísku samráðs varðandi það að efla vinnu við afnám stjórnsýsluhindrana með sterkara umboði fyrir Stjórnsýsluhindranaráðið.

Bakgrunnsupplýsingar

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

- að efla vinnu við afnám stjórnsýsluhindrana og koma í veg fyrir nýjar stjórnsýsluhindranir og setja þetta starf í forgang
- að efla umboð Stjórnsýsluhindranaráðsins meðal annars með háu mælanlegu markmiði um hversu margar stjórnsýsluhindranir skuli afnumdar á hverju ári.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Hin nýja [samstarfsáætlun](#)¹ samstarfsráðherranna setur markið hærra og setur aukinn kraft og áherslu á vinnuna í tengslum við frjálsa för og afnám stjórnsýsluhindrana. Þetta má einnig sjá á norrænum fjárveitingum til málaflokksins sem frá 2025 nema 20 milljónum DKK, sem er hækkun upp á 5,826 milljónir DKK.

Með hliðsjón af markmiðum samstarfsáætlunarinnar fór vorið 2024 fram stefnumótandi úttekt á vinnunni við afnám stjórnsýsluhindrana með það fyrir augum að greina áskoranir og fá fram tillögur að því hvernig ná megri auknum árangri.

Meðal þess sem úttektin lagði til var aukin ábyrgð og áhersla landanna á málaflokkinn til þess að vinnan skili árangri, að tekist verði á við tiltekin vandamálsvið, að unnið verði fyrirbyggjandi starf, að styrkjakerfi og fjárveitingar verði eflar og að hlutverk Stjórnsýsluhindranaráðsins verði skýrara.

¹ <https://pub.norden.org/politknord2024-716/>



Með hliðsjón af þessum tillögum auk þess samtals sem átt hafði sér stað á mismunandi vettvangi yfir árið samþykktu samstarfsráðherrarnir á fundi sínum í Reykjavík þann 28. október 2024 *Áætlun um frjálsa för á Norðurlöndum* til sex ára.

Áætlunin er verkfæri til að ná þeim markmiðum sem samstarfsráðherrarnir hafa samþykkt. Innan ramma þessarar áætlunar er í fyrsta sinn öllu formlegu norrænu upplýsinga- og stjórnsýsluhindranastarfi safnað saman sem hluta af sama kerfi sem skilar sér í samlegðaráhrifum og skýrari verkaskiptingu. Það er til þess fallið að efla bæði upplýsingagjöf og stjórnsýsluhindranastarf.

Þá tryggir áætlunin jafnframt skýrari pólitíska ábyrgð og samstarfsráðherrarnir hafa meðal annars tekið að sér að setja málið á dagskrá og sjá til þess að löndin veiti fé til starfseminnar. Einnig geta þeir í samráði við viðkomandi fagráðherra skipað sérfræðihópa til að finna lausnir á stjórnsýsluhindrunum.

Stjórnsýsluhindranaráðið gegnir enn sínu hlutverki sem óháð stofnun og á að vinna með stjórnsýsluhindranir og málefnasvið sem valda erfiðleikum varðandi hreyfanleika innan Norðurlanda. Einnig á Stjórnsýsluhindranaráðið að koma með innlegg sitt til samstarfsráðherranna um það á hvaða sviðum þörf er á aukinni pólitískri ábyrgð til að ná fram lausnum. Þetta styrkir umboð og hlutverk Stjórnsýsluhindranaráðsins.

Í áætluninni er einnig lögð áhersla á fyrirbyggjandi starf, einkum þegar kemur að stjórnsýsluhindrunum sem tengjast stafrænni þjónustu og lausnum og fram kemur að:

- Löndin skuli leitast við að komast hjá því að nýja norrænar stjórnsýsluhindranir verði til í tengslum við nýja löggjöf og leitast eftir samhæfingu bæði fyrir og við innleiðingu ESB-/EES-tilskipana.
- Fagráðherranefndirnar og sviðin eru hvött til þess að upplýsa skrifstofu áætlunarinnar um fyrirhugað og yfirstandandi löggjafarstarf sem getur haft áhrif á núverandi stjórnsýsluhindranir eða hætta er á að skapi nýjar.
- Stjórnsýsluhindranaráðið gegnir sérstöku hlutverki við að vekja athygli ríkisstjórnanna á hugsanlegum stjórnsýsluhindrunum sem orðið geta til í tengslum við nýja löggjöf og aðrar aðgerðir.

Á umboðstímabilinu 2022–2024 er markmiðið annars vegar að afgreiða² 5–8 stjórnsýsluhindranir árlega og hins vegar að vinna með almenn málefni sem valda erfiðleikum í tengslum við frjálsa för, svokallaða efnisflokka. Þar sem norrænt samstarf

² Ef stjórnsýsluhindrun telst „afgreidd“ felur það í sér að hún hafi annaðhvort verið leyst og afnumin eða að stjórnsýsluhindranaráðið hafi úrskurðað að hún sé óleysanleg samkvæmt svörum viðkomandi ráðuneyta landanna. Mælanlegt markmið samanstendur því bæði af stjórnsýsluhindrunum sem eru leystar og þeim sem ekki er hægt að leysa.



er milliríkjasamstarf liggur ábyrgðin á því að afgreiða stjórnsýsluhindranir að mestu leyti hjá ríkisstjórnunum, ráðuneytum, þjóðþingunum, yfirvöldum og öðrum aðilum innan landanna.

Í hinu nýja starfsumboði stjórnsýsluhindranaráðsins fyrir tímabilið 2025–2027, sem er liður í áætluninni um frjálsa för, er ekki að finna nein mælanleg markmið um það hversu margar stjórnsýsluhindranir skuli afgreiða. Stefnan er að löndin ljúki í sameiningu við eins margar stjórnsýsluhindranir og hægt er en reynslan af starfinu undanfarin ellefu ár sýnir að þær hindranir sem eftir standa eru flóknari og oft tekur mörg ár að leysa þær eða komast að því að ekki sé hægt að leysa þær. Þess vegna er ekki talið þjóna tilgangi að vera með mælanlegt markmið, ekki síst í ljósi þess að á undanförunum árum hefur áherslan í auknum mæli færst yfir á almenn vandamálasvið.

Loks verður stofnuð sérstök skrifstofa fyrir áætlunina á skrifstofu Norrænu ráðherra nefndarinnar í Kaupmannahöfn og hún styrkt með frekari framlögum til bæði upplýsingastarfs og afnáms stjórnsýsluhindrana.

Á heildina litið og með hliðsjón af ofangreindu telur Norræna ráðherra nefndin að á næstu árum verði aukinn kraftur settur í vinnuna við að afnema stjórnsýsluhindranir, koma í veg fyrir að nýjar verði til.

Einnig telur Norræna ráðherra nefndin að umboð stjórnsýsluhindranaráðsins sé eftir þar sem hún gegni einnig lykilhlutverki þegar kemur að því að ráðleggja samstarfsráðherrunum um áherslur á næstu þremur árum.

Norræna ráðherra nefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Eftir að tilmælin voru gefin hefur Norræna ráðherra nefndin kynnt úttekt á störfum hinna átta fulltrúum landanna í Stjórnsýsluhindranaráðinu, þó ekki framkvæmdastjóra Norrænu ráðherra nefndarinnar og fulltrúa Norðurlandaráðs. Að auki hefur verið samþykkt nýtt starfsumboð fyrir fulltrúana átta frá löndunum. Hið nýja umboð tók gildi 1. janúar 2025 og nær það ekki til framkvæmdastjóra Norrænu ráðherra nefndarinnar og Norðurlandaráðs.

Í umboðinu nýja er ekki tekið tillit til óska Norðurlandaráðs um hærra mælanlegt markmið um leystar hindranir ár hvert, þ.e.a.s. að Stjórnsýsluhindranaráðið og viðkomandi ráðuneyti setji aukinn kraft í vinnuna til þess að leysa úr fleiri hindrunum á hverju ári. Umboðið inniheldur ekki mælanlegt markmið heldur skal í staðinn vinna sérstaklega að ákveðnum efnisflokkum. Ekki er þó tilgreint hverjir þeir eru eða hvernig skuli ná árangri. Ekki er fjallað um hvenær og hvernig árangur næst, og hvernig beri að mæla hann. Þetta er áhyggjuefni því uppfylla á framtíðarsýnina fyrir 2030 og því óskar



nefndin eftir nánari skýringum á því hvernig til stendur að fylgja eftir framvindu vinnunnar að afnámi stjórnsýsluhindrana.

Í svari sínu gefur Norræna ráðherranefndin skýra mynd af því hvernig vinnan við afnámi stjórnsýsluhindrana hjá ráðherranefndinni verður skipulögð í gegnum sex ára áætlun um frjálsa för.

Nefndin hefði þó viljað að svarið skýrði ástæður þess að Norræna ráðherranefndin ákvað að sleppa hlutverki framkvæmdastjórans við að samræma og stýra þverfaglegu starfi innan Norrænu ráðherranefndarinnar þegar kemur að stjórnsýsluhindrunum. Þetta á einnig við um tengingu umboðsins við löndin með það fyrir augum að afnema stjórnsýsluhindranir en í umboðinu er vikið frá Stjórnsýsluhindranahóp Norðurlandaráðs. Það vinnur gegn tilgangi sínum þar sem í Stjórnsýsluhindranahópnum eru fulltrúar frá öllum norrænum þjóðþingunum og því væri augljós akkur í honum þegar kemur að tengingu umboðsins við löndin.

Einnig vantar skýra lýsingu á því hvernig tengja skuli eft pólitískt umboð samstarfsráðherranna inn í önnur fagráðuneyti í löndunum.

Norðurlandaráð óskar eftir skýringu á því með hvaða hætti þeim stjórnsýsluhindrunum sem á að afnema verður forgangsraða hjá löndunum. Tekur samstarfsráðherrann ákvörðun um það eða fagráðherrarnir, fer valið í gegnum samstarfsnefndina í samráði við viðkomandi embættismannanefnd? Þetta á við um þær stjórnsýsluhindranir sem eiga við í öllum norrænu löndunum, t.d. þær sem eru til komnar vegna norræna tvísköttunarsamningsins. Hvað gerist ef flest löndin vilja setja hindrun í forgang en eitt land vill það ekki? Þýðir það að hindrunin verði ekki afnumin þrátt fyrir að norrænu samstarfsráðherrarnir hafi fengið aukið pólitískt umboð?

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til að Norðurlandaráð færi svar við tilmælum 14/2024 til bókar og bíði pólitísku samráðs.

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

Gunilla Carlsson (S)

Jani Kokko (sd)

Per-Arne Håkansson (S)

Ann-Sofie Alm (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Kjell-Arne Ottosson (KD),

Johan Dahl (sb)

Sandra Listerby (Lib)

Ann-Christine Utterstedt (SD)

Erling Eidesgaard (T)